



Foreldraverðlaunin 2008



Handhafar Foreldraverðlaunanna 2008

Starfsfólk Tjarnarsels í Reykjanesbæ hlýtur **Foreldraverðlaunin 2008** fyrir verkefnið *Lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi* í leikskólanum Tjarnarseli.

Hvatningarverðlaun:

Grunnskóli Siglufjarðar fyrir verkefnið *Átak gegn einelti*. Þetta verkefni hlaut þrjár tilnefningar og hefur því vakið óskipta athygli í samfélaginu á Siglufirði.

Foreldrafélag Svalbarðsskóla fyrir starfsemi foreldrafélags Svalbarðsskóla við Þistilfjörð.

Dugnaðarforkaverðlaunin:

Ingibjörg Baldursdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir fyrir verkefnið *Þjóðardagur – Börnin okkar* í Flataskóla Garðabæ

Heimili og skóli óskar þeim til hamingju sem og öllum þeim sem hlutu tilnefningar

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 13. sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi 15. maí. Geir H. Haarde forsætisráðherra flutti ávarp og afhenti verðlaunin.

Að þessu sinni bárust 35 tilnefningar og hægt er að skoða þær hér. Ánægjulegt er hve margar tilnefningar bárust frá landsbyggðinni að þessu sinni. Í ár var fólk sérstaklega hvatt til að líta eftir jákvæðu starfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum en hingað til hefur áherslan einungis verið á verkefni frá grunnskólunum. Heimili og skóli eru landssamtök foreldra barna á öllum þessum skólastigum og mikilvægt að samtökin veki athygli á því öfluga starfi sem þar fer fram.

Auk Foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt tvenn hvatningarverðlaun og ein dugnaðarforkaverðlaun.



Sjón Þórðardóttir í sínu fyrsta embættisverki sem nýr formaður Heimilis og skóla

Dagur barnsins
25. maí 2008
gleði og samvera

Dagur barnsins á Íslandi verður haldinn í fyrsta sinn þann 25. maí næstkomandi.

Gleði og samvera eru einkennisorð dagsins og er eitt af markmiðum hans að koma málefnum barna á framfæri og leyfa röddum barna að hljóma. Í því tilefni er efnt til **tveggja samkeppna**, sem öll börn geta tekið þátt í. Teiknisamkeppni fyrir aldurshópin 4-12 ára um merki fyrir dag barnsins, sem verður einkennistákn dagsins um ókomin ár. Hin samkeppnin er um einkennisstef dagsins og geta ungmenni á aldrinum 12-18 ára sent inn tillögur að stafi fyrir daginn.

Tekið er á móti tillögum á heimasíðunni www.dagurbarnsins.is. Þar er einnig að finna reglur keppinnar hvernig og fyrir hvaða tíma á að skila gögnum.

Dómnefndir eru skipaðar atvinnumönnum úr hópi hönnuða og tónlistarmanna. Verðlaun verða afhent af félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar, á degi barnsins þann 25. maí næstkomandi og hlýtur hvor vinningshafi 50.000 kr. í verðlaun.

Hjóladaður

Þann 26. maí eru 40 ár síðan hægri umferð var lögleidd hér á landi. Haldið verður upp á þessi tímamót með ýmsum hætti vikuna 26. til 30. maí. Meðal annars verður lögð áhersla á öryggi barna í umferðinni og þá ekki síst varðandi hjólreiðar. Einn liður í því verkefni er að hvetja skóla landsins til að halda hjóladaður. Meðfylgjandi er skjal þar sem sagt er frá því helsta sem þarf að hafa í huga þegar skipuleggja þarf hjóladaður auk hugmynda um uppsetningu hjólabrauta og fleira. Hér er hægt að nálgast bækling um hugmyndir og skipulag fyrir hjóladaður.

